

Lögmannafélag Íslands
Álftamýri 9
108 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 121 / 11436
komudagur 8 / 4 1997
Sími: 568-5620
Bréfsími: 568-7057
Netfang (E-mail): lmfi@tv.is

**SÍMBRÉF:
(TELEFAX)**

Dagsetning: 7. apríl 1997
Fjöldi blaðsíðna: 1+4
Móttakandi: Nefndadeild Alþingis
b.t. Þórðar Bogasonar, deildarstjóra.

Efni: Umsagnir um lagafrumvörp.

Með símbréfi þessu sendi ég umsagnir laganefndar Lögmannafélags Íslands um eftirfarandi:

1. Frv. til laga um sanningsveð (234. mál).
- X 2. Frv. til laga um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.
3. Þingsályktunartillögu um staðsetningu nýrra ríkisfyrirtækja á landsbyggðinni (162. mál).
4. Frv. til laga um breytingu á lögum nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri (44. mál).

Tekið skal fram að stjórn félagsins hefur ekki fjallað efnislega um frumvörpin eða umsagnir laganefndar.

Virðingarfyllt

Marteinn Másson, framkv.stj.

**Laganefnd L.M.F.I.****Umsögn um frumvarp til laga um fasteigna-,
fyrirtækja- og skipasölu.**

Reykjavík, 7. apríl 1997

Laganefnd Lögmannafélags Íslands hefur áður fjallað um frumvarp þetta og skilað umsögn um það til allsherjarnefndar Alþingis, dags. 24. október 1996. Með símbréfi, dags. 10. mars 1997, sendi allsherjarnefnd breytingartillögu við 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins, að því er varðar sérstaka leyfisbindingu vegna sölu fyrirtækja í atvinnuskyni.

Í málsgreininni er gert ráð fyrir að sérstaka löggildingu þurfi til þess að annast kaup, sölu eða skipti á atvinnufyrirtækjum. Laganefnd þykir rétt að benda á í þessu sambandi, að hugtakið atvinnufyrirtæki er hér ekki skilgreint sérstaklega. Þar sem frumvarpið felur í sér vissa takmörkun á athafnafrælsi manna er ekki óeðlilegt að það beri sjálft með sér eins nána skilgreiningu að þessu leyti og unnt er.

Að öðru leyti vísar laganefnd til fyrri umsagnar sinnar, sérstaklega að því er varðar umfjöllun um starfsábyrgðartryggingu fasteignasala.

F.h. laganefndar L.M.F.I.

Andri Arnason, hrl., formaður